

Vitaskuld eiga skáldskapar lýsingar að vera sannar, en þær eiga einnig að hrífa; ímyndunaraflið á að verða snortið af þeim. Hér eru tvær örstuttar lýsingar af hrafrinum, önnur vísindaleg, en hin skáldleg:—"Hrafnar eru alsvartir með stóru nefi. Þeir eru alætur, en hygnir og varir um sig; má kenna þeim orð og þulur og ýmislegt fleira.—Hrafnar eiga heima hvarvetna á hnettinum."

"Opnum þá eg hlera hrindi,
hoppar inn úr næturvindi
aldinn hrafn, en blakkir, breiðir
berja loftið vængir tveir."—

Af fyrri lýsingunni má læra nokkuð um einkenni hrafnsins; en hún er algerlega óskáldleg, hún bregður ekki upp neinni verulegri mynd af fuglinum í ímyndun lesandans. En við lestur síðari lýsingarinnar er eins og maður sjái hrafninn fjúga inn um gluggann og heyri vængjasúginn—hún er skáldskapur.

Í skáldskapar lýsingum er ávalt talað til ímyndunaraflsins. Ef ómögulegt er að tala til þess efnisins vegna, eða ef ómögulegt er að tala svo að lýsingin hrífi ímyndunaraflið, þá ætti hún blátt áfram að ritast til fræðslu, eins og hver önnur lýsing, sem er ætluð til þess, að það sem hún lýsir þekkist af henni. Auglýsingar í ljóðum og rímaðar lýsingar á framliðnum meðalmönnum verða jafnan mjög óskáldlegar, vegna þess að efnið